

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða mælikvarða notar Fjármálaeftirlitið til að meta siðferðisleg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997?
2. Telur ráðherra samfélagslega ábyrgð falla undir siðferðisleg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða og ef svo er, hvernig er lagt mat á samfélagslega ábyrgð fjárfestingarstefnu?
3. Telur ráðherra að umhverfisþættir, eins og t.d. áhrif fjárfestinga og fyrirtækja á loftslagsbreytingar, falli undir siðferðisleg viðmið og ef svo er, hvernig er lagt mat á þá þætti fjárfestingarstefnu?
4. Hversu margir lífeyrissjóðir fengu fjárfestingarstefnu sína staðfesta af Fjármálaeftirlitinu á árinu 2017?

Skriflegt svar óskast.